

SAMÞYKKT

Samþykkt um hreinsun fráveitumannvirkja í Kjósarhreppi

I KAFLI

Almennt

1. gr.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, frístundahúsa, stofnana og atvinnustarfsemi í Kjósarhreppi. Samþykktin nær til rotþróa, fráveitukerfa, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyr, reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur heilbrigðisnefnd Vesturlands eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka og færir staðsetningu þeirra í skipulagsgögn sveitarfélagsins.

II KAFLI

Framkvæmd við hreinsun rotþróa

2. gr.

Kjósarhreppur ber ábyrgð á, og sér til þess að hreinsun á fráveitu verði framkvæmd í sveitafélaginu með kerfisbundnum hætti, þ.e. seyrulosun úr rotþró, ásamt flutningi, endurnýtingu eða förgun. Heilbrigðisnefnd Vesturlands annast eftirlit með starfseminni. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyr skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

3. gr.

Meðhöndlun seyr skal skipulögð af Kjósarhreppi, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs, förgunar eða nýtingar á seyr, í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyr. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt.

III KAFLI

Losun seyr og setefna.

4. gr.

Losun seyr og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd þriðja hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistipjónustu, heimili og frístundahús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirstjórn með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnin á hverjum tíma, í samráði við heilbrigðisnefnd Vesturlands.

5. gr.

Kjósarhreppur auglýsir árlega hvenær seyrulosun fer fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþró og settönkum og vel sýnilegt.

IV KAFLI

Gjaldtaka

6. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró og förgun seyru skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Sveitarstjórn ákveður og lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Kjósarhrepps. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, svo sem vegna stærðar, barkalengdar, endurkomu o.s.frv., eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

V. KAFLI

Málsmeðferð og gildistaka.

7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna fráveitumála eða seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðisefirlit Vesturlands.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau innan refsíákvæða hlutaðeigandi heimildarlaga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð opinberra sakamála.

9. gr.

Samþykkt þessi var samin af sveitarstjórn Kjósarhrepps og samþykkt 5. nóvember 2025. Samþykktin staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 183/2007 um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Kjósarhreppi.

Samþykktin var yfirfarin og samþykkt af Heilbrigðisnefnd Vesturlands 13. október 2025.

Umhverfis-, orku- og lofislagsráðuneyti, 14. nóvember 2025

F.h.r.

Erla Arnardóttir

Trausti Ágúst Hermannsson